

FW: Skógræktarsvæðin í aðalskipulagi

Til : Berglind Guðmundsdóttir
Frá : Bjarki Jóhannesson
CC : jonatang@simnet.is
Heiti : FW: Skógræktarsvæðin í aðalskipulagi
Málsnúmer : 1006284
Málsaðili : Hafnarfjarðarkaupstaður
Skráð dags : 29.11.2013 14:02:00
Höfundur : Bjarki Jóhannesson

Sæl Berglind
Viltu skoða þetta, fer fyrir fund með aðalskipulaginu á þriðjudag.
Kveðja,

Dr. Bjarki Jóhannesson
Sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnarfjarðar

-----Original Message-----

From: jonatang@simnet.is [<mailto:jonatang@simnet.is>]
Sent: 29. nóvember 2013 13:11
To: Bjarki Jóhannesson
Subject: Skógræktarsvæðin í aðalskipulagi

Sæll Bjarki.

Við í stjórn Skógræktarfélags Hafnarfjarðar höfum aðeins verið að skoða aðalskipulagið og það er tvennt sem okkur langar að koma á framfæri við ykkur:

Annarsveggar finnst okkur að það eigi að merkja þau skógræktarsvæði sem félagið hefur umsjón með sem slík frekar en svæði til annarra nota, eins og verið hefur. Vonandi er þetta hugmynd sem getur gengið í gegn, því ég veit að önnur skógræktarfélög á höfuðborgarsvæðinu leggja áherslu á þetta í sínum sveitarfélögum.

Hitt snýr að nýræktarsvæðum til framtíðarnota. Það er orðið brýnt að skilgreina slík svæði í aðalskipulaginu.

Við höfum talað um það í mörg ár að það þurfi að tengja saman Stóra-Skógarhvamm og Litla-Skógarhvamm (Skólalundur) í norðanverðum Undirhlíðum. Byrjað var að vinna að skipulegri skógrækt í Litla-Skógarhvammi þar sem núna heitir Skólalundur árið 1930 og síðan var svæðið stækkað í áttina að Kaldárseli um 1960. Félagið vinnur nú að grisjunar áætlun en um leið er hugað að því að fjölga tegundum til að svæðið úreldest ekki ef upp koma sjúkdómar í greni- og furutrjánum eða víðinum og birkinu. Birkifeti fer nú eins og stormsveipur um landið og það má reikna með að hann eigi eftir að skaða náttúrlega skóga á næstu árum ef hann fjölgar sér eins og verið hefur.

Hitt ræktunarsvæðið í Stóra-Skógarhvammi, sem er skammt frá Vatnsskarðsnámunni, er frá árunum 1953 til 1964. Þá gróðursettu drengir í Krýsuvík mikið af furutrjám og grenitegundum innan um lágvaxið birki og víði, sem hafa vaxið verulega á undanfönum áratugum.

Á milli þessara svæða eru nokkrir kílómetrar af landi þar sem ekki hefur verið unnið að gróðursetningu. Þarna var gamalt náttúrulegt birkikjarr og víðir ásamt einrunnum sem hafa náð sér á strik eftir að beit hætti, en inn á milli eru mjög stór svæði sem eru uppblásin eða mjög gróðursnaud vegna ofbeitar og skógarhöggs sem stundað var óhólflega í lok 19. aldar og byrjun 20. aldar.

Þarna mætti bæta landið verulega með því að gróðursetja trjágróður og leggja áherslu á birki og víði, en líka aðrar tegundir sem sóma sér vel í íslenskri náttúru.

Það eru fleiri svæði sem mætti horfa til en þetta er það sem brennur á okkur núna.

Bestu kveðjur
Jónatan Garðarsson